

Pési



Lesið þetta

- Flúðaskóli 80 ára
- Auglýsingar
- Fréttir
- Kvenfélagið
- Námskeið

Næsti Pési kemur út
11.des. Skil á efni er
7.des

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Folaldasýning	9
Litla Laxá	10
Skúli	14
Kvenfélagið	20
Bókasafnið	21

Nóv 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 232. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Upplýsingaskilti við Brúarhlöð.

Í sumar var komið upp upplýsingaskilti við Brúarhlöð undir forystu FMÆ nefndar og ferðamálafulltrúa okkar Ásborgar Arnþórsdóttur.

Á skiltinu eru 13 ljósmyndir úr Hrunamannahreppi, sem Sigurður Sigmundsson tók. Hreppsþúar eru hvattir til þess að skoða skiltið, sem hefur mikið upplýsingagildi fyrir ferðamenn og vegfarendur um hreppinn.



80 ára afmæli Flúðaskóla

Á þessu hausti fagnar Flúðaskóli 80 ára afmæli sínu. Haldin var vegleg hátíð nú um mánaðarmótin þar sem núverandi og fyrrverandi nemendur stigu á stokk og skemmtu með kórsöng, tónlistar- og leikatriðum. Í skólanum var sýning á ýmis konar verkefnum sem nemendur höfðu unnið í tilefni þessara tímamóta. M.a. voru unnin verkefni sem tengdust beint sveitarfélaginu og þeirri þróun sem átt hefur sér stað hér í hreppnum. Mjög myndarlegt og skemmtilegt ungt fólk kom hingað á skrifstofuna til þess að afla upplýsinga til verkefnavinnslu. Skólinn er hjarta hvers samfélags. Gott uppbyggilegt skólastarf er gulls í gildi og hefur ómetanleg áhrif á samfélagið. Það er í raun mikil ábyrgð lögð á herðar skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna skóla. Góð líðan nemenda og starfsmanna skólastofnana hefur allt að segja. Í rauninni er verið að byggja upp framtíð hvers byggðarlags því grunnskólanemendur eru afar móttækilegir og með lagni, þrautseigju og umhyggju má kalla það besta fram í hverjum einstaklingi. Farsælni hefur ríkt í skólastarfi í Hrunamannahreppi í gegnum áratugina. Þar hefur margt gott fólk lagt hönd á plóginn og ber að þakka það. Sumir hafa jafnvel unnið við skólann nánast allan sinn starfsaldur. Áttatíu ár er langur tími í sögu einstaklingsins en örskotsstund í sögu þjóðar. Þessi tímamót minna okkur svo sannarlega á hve margt hefur breyst á landi voru á tiltölulega stuttum tíma. Ég minnst þess sjálfur að ég skammaðist mín oft fyrir það að mér fannst afi minn gamli sem fæddur var árið 1900 og naut þess vegna sáralítillrar skólagöngu, vissi nánast alltaf miklu meira en ég, um fjölmarga þætti sem snertu land og þjóð, þó ég væri að burðast við að læra. Tímamótin leiða líka hugann að öllum þeim tækifærum sem nútímamaðurinn hefur. Í dag má segja að enginn sé fullnuma. Þó fólk ljúki ákveðnum brottfararprófum er þróunin svo ör að þeir sem fylgja henni ekki eftir verða á vissan hátt á eftir. Þannig er t.d. talað um að um 90 % af aðferðafræði nútíma læknisfræði hafi þróast á síðustu 20 árum. Allt þetta minnir okkur á nauðsyn þess að skólastarf sé skilvirkt. Mörg sveitarfélög verja u.þ.b. 60 -70% af tekjum sínum til menntamála. Þess vegna er það í raun krafa íbúanna að skólastarfið sé í lagi. Hluti af því er að gott samstarf sé milli foreldra og skóla. Kennarar geta aldrei einir tekið að sér uppeldi barnanna grunnurinn er alltaf foreldranna eða forráðamanna barnanna. Allir þeir sem hafa lagt skólastarfi á Flúðum lið er þakkað af alhug og vert er að hrósa nemendum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum starfsmönnum, svo ekki sé talað um gömlum nemendum fyrir velheppnuð hátíðarhöld vegna þessara tímamóta. Það er ósk og von hreppsnefndar og allra hreppsúa að farsælt skólastarf megi vera í Hrunamannahreppi um alla framtíð.

Ísólfur Gylfi Pálmason

Pakkir til Gullfossfélaga

Á dögnum birtist grein í Pésanum þar sem f.v. forsetar Kiwanisklúbbsins Gullfoss, þeir Ágúst Sigurðsson og Jóhannes Sigmundsson kynntu formlega fyrir lesendum að klúbburinn hefði verið lagður niður. Ástæðan er fyrst og fremst sú að illa gekk að fá nýja meðlimi í klúbbinn. Það er samfélaginu mikil eftirsjón að klúbburinn skuli hafa þurft að hætta því klúbbfélagar hafa lagt mjög mörgum þörfum verkefnum í Hrunamannahreppi ómetanlegt lið. Þeir hafa veitt fjölmarga styrki til ýmissa verkefna hæst ber þó væntanlega mikill áhugi þeirra og fjárstyrkir til landgræðslu á Hrunamannafrétti. Þátttaka í félagsstörfum hefur uppbyggileg áhrif á það fólk sem tekur þátt í starfinu um leið og starfið hefur jákvæð áhrif á samfélagið. Öllum þeim góðu mönnum sem tekið hafa þátt í starfi Kiwanisklúbbsins Gullfoss eru þökkuð ómetanleg störf í þágu samfélagsins okkar.

Afmæliskakan ekki bara flott

Helga Teitsdóttir á lengstan starfsaldur kennara við Flúðaskóla nú um stundir. Guðrún Pétursdóttir afhenti henni blómvönd í tilefni þessa á afmælishátíð Flúðaskóla. Helga hefur starfað við skólann frá árinu 1970, með hléum. Hún hefur því kennt foreldrum barnanna sem hún er að kenna núna. Geri aðrir betur. Helga hafði veg og vanda að risatertu sem hún og nemendur hennar bökuðu fyrir afmælið. Kakan var hvorki meira né minna en 8 metra löng. Einn nemandinn hvíslaði að sveitarstjóranum að kakan væri a.m.k. 80 metra löng, er nema von að blessuð börnin ruglist á tölum í því umhverfi sem við búum nú í þar sem allt er mælt í milljörðum. Svo vitnað sé í annan nemandann sem sagði: „jess, hún er ekki bara flott þessi kaka heldur geðveik, sjúkleg mega kaka“. Það voru orð að sönnu, með nútímalegu ívafi, því jafnvel menn sem eru að passa holdafarið stóðust ekki freistinguna og fóru jafnvel fleiri en eina ferð í kökuna góðu. Það er gott að hafa kjarnorkukonu í kennaraliðinu eins og Helgu!

Rausnarlegar gjafir til Flúðaskóla

Kvenfélag Hrunamannahrepps og foreldrafélag Flúðaskóla komu færandi hendi og afhentu skólastjóra Flúðaskóla rausnarlegar gjafir í tilefni 80 ára afmælis skólans. Kvenfélagið afhenti kr. 10.000 fyrir hvern áratug sem skólinn hefur starfað og Foreldrafélagið afhenti kr. 100.000 í tilefni tímamótanna. Forsvarsmenn Hrunamannahrepps þakka þessar höfðinglegu gjafir og þann hlýhug sem þeim fylgir.

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps er
á mánudögum frá kl:10:00-12:00

Sölusýning í reiðhöllinni

Fyrsta sölusýningin í hinni glæsilegu Reiðhöll í Torfdal á Flúðum fór fram nú um mánaðarmótin. Þar var margt um manninn og fallegir gæðingar. Sýningin gekk vel fyrir sig en dýrasti hesturinn seldist háu verði. Einhver heyrðist tauta fyrir munni sér að hægt væri að fá þokkalegan bíl fyrir þessa upphæð, annar taldi meiri eign í lifandi hrossi en steindauðri blikkbelju. „Svona eru menn“ segir í dægurlagatextanum, undarlegt en satt.

Félagsmiðstöðvarstjórinn á ráðstefnu

Hjalti Sigurðsson er áhugasamur um starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero. Hann fylgist einnig vel með stefnum og straumum félagsmiðstöðva. Nýlega sótti hann ráðstefnu í Vín sem tengist ungmennastarfi og fékk til þess evrópskan styrk. Hann hefur einnig sótt um styrk til félagsmiðstöðvarinnar frá Æskulýðs-sjóði sem vistaður er í Menntamálaráðuneytinu. Við treystum á að hinn ungi og knái menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir leggi blessun sína á umsóknina.

Sönghátíð á Selfossi

Mikil sönghátíð var haldin á Selfossi nú um mánaðarmótin. Þrír sunnlenskir karlakórar tóku þátt í hátíðinni. Karlakór Hreppamanna, Karlakór Rangæinga og Karlakór Selfoss sem sá um framkvæmd mótsins. Sönghátíðin tókst vel þó að hljómburður í íþróttahúsinu á Selfossi sé með slakasta móti. Flutt voru lög eftir sunnlenska höfunda þannig voru m.a. flutt tvö lög eftir Miklos Dalmay við texta Gylfa Þorkelssonar og lög eftir Sigurð Ágústsson frá Birtingaholti. Menningar-ráð Suðurlands styrkti tónleikana. Sem fyrr stjórnar Edit Molnár Karlakór Hreppamanna eins og hún hefur gert síðastliðin 11 ár en það er jafn langur tími og kórinn hefur starfað. Framundan um þessa helgi er karlakvöld kórsins og einhverstaðar heyrðist að búið væri fella og salta Vakra Skjóna. Víst er að karlarnir munu reka upp rokur milli þess sem þeir stanga úr tönnunum. Aðalsteinn Þorgeirsson á Hrafnkelsstöðum er virðulegur formaður kórsins.

Reiðleiðir og merkingar

Talsvert átak hefur verið gert í lagningu reiðvega í hreppnum í sumar en hestamennska er einstaklega vinsæl íþrótt hér um slóðir. Fyrir margt löngu voru pantaðar merkingar á reiðstígana sem forsvarsmenn hestamannafélagsins hafa tekið að sér að setja upp. Þetta er m.a. gert vegna þess að ungir vélhjólamenn hafa notað reiðstígana fyrir vélfáka sína en eins og allir vita fer ekki vel á því og er reyndar alveg stórhættulegt þar sem hross eiga það til að fælast þegar vél-fákar renna um reiðstígana sem einungis eru ætlaðir hestum og hestamönnum.

Gerð fjárhagsáætlunar 2010

Nú er unnið að undirbúningi fjárhagsáætlunar ársins 2010. Við höfum haldið sjó á þessu ári þrátt fyrir efnahagsþrengingar þjóðarinnar. Víst er að við verðum að gæta aðhalds í hvívetna og forstöðumenn í sveitarfélaginu að passa sínar deildir. Stefnt er að ljúka fjárhagsáætlunargerðinni fyrir jól. Allar ábendingar varðandi áætlunina eru vel þegnar.

Hrunamenn koma víða við

Á dögunum kom hér flokkur vaskra morgunhana. Þetta voru sundfélagar úr Sundhöll Reykjavíkur með Helga Gíslason, listamann og Þröst Ólafsson f.v. framkvæmdarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands í sínum röðum. Leiðsögumaður þeirra var fræðapulurinn og hagrýðingurinn Jón Hermannsson á Högnastöðum. Jón fræddi þessa höfðingja um mannlíf í hreppnum fyrr og nú sagði frá Daða Halldórssyni o.fl. góðum mönnum. Skömmu síðar sátu hagrýðingarnir Sigurjón Jónsson frá Skollagróf og Jóhannes Sigmundsson m.a. með f.v. þingmönnum Jóni Kristjánssyni, sr. Hjálmari Jónssyni og Ólafi G Einarssyni o.fl. á hagrýðingakvöldi hjá Lionsmönnum í Biskupstungum. Okkar menn stóðu sig með miklum ágætum og gáfu gömlu þingmönnum ekkert eftir. Svo sannarlega léttkefðandi menn.

Breyting á opnunartíma sundlaugarinnar á Flúðum

Hinn nýi forstöðumaður Sundlaugarinnar á Flúðum Böðvar Thorsteinson og starfsmenn laugarinnar hafa eins og gert hefur verið um langan tíma fylgst með gestafjölda í sundlauginni. Satt best að segja er afar dræm aðsókn að lauginni, en á 5 vikna tímabili komu 532 gestir eða 21,28 hvern virkan dag og um helgar á sama tímabili 334 gestir eða 33,4 á dag, aðsókn að lauginni er áberandi minnst á föstudögum. Á síðasta fundi sínum samþykkti hreppsnefnd að breyta opnunartímanum í vetur. Sundiðkunin er holl og góð íþrótt og eru Hrunamenn hvattir til þess að nýta þessa heilsulind sem og tækjasalinn í íþróttahúsinu. Segir ekki einhversstaðar „að komast í kjólinn fyrir jólin“. Þetta á e.t.v. ekki við karlana, þar á betur við að segja: „að minnka hnakkann svo komist verði í jakkann“.

Flinkir listamenn

Á afmælishátíð Flúðaskóla var margt athyglisvert til skemmtunar. Ótrúlega fimir og flinkir gítarspilarar þeir Hróðmar Sigurðsson og Hörður Bjarnason fóru fimum höndum um strengi gítara sinna en leikkonan Kristjana Skúladóttir söng með þeim af mikilli list. Þetta var aldeilis flott tríó sem söng og spilaði m.a. hið fallega lag og ljóð „Bréfið hennar Stínu“.

Álagningarskrá opinberra gjalda

Skattstjóri Suðurlandsumdæmis, Steinþór Haraldsson, hefur sent álagningarskrá opinberra gjalda lögaðila 2009 í Hrunamannahreppi. Álagningaskrá þessi liggur frammi á Skrifstofu Hrunamannahrepps frá 30. október til 13. nóvember.

Lausar íbúðir

Aldrei þessu vant eru tvær lausar íbúðir í eigu sveitarfélagsins. Önnur er ætluð öldruðum og er í Heimalandi en hin íbúðin er lítil stúdíó íbúð við Vesturbrún. Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér þessar íbúðir eru hvattir til að hafa samband við starfsfólk skrifstofu Hrunamannahrepps.

Sorpmál

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá íbúum Hrunamannahrepps að til stendur að loka sorpurðunarstaðnum við Kirkjuferjuháleigu 1. desember n.k. Þetta hefur gríðarlega kostnaðaraukningu í för með sér fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Bæði er að móttökugjaldið hjá Sorpu er margfalt hærra en í Kirkjuferjuháleigu, og hitt er að akstursleiðin með sorpið lengist um a.m.k. 100 km. Þetta leiðir til þess að við verðum að finna nýjar leiðir til þess að kappkosta að minnka sorpmagn með því að flokka sorpið safna saman pappa og pappir o.s.frv. Nú stendur til að vinna að allsherjar endurskoðun á sorp- og úrgangsmálum í sveitarfélaginu. Ljóst er líka að þetta leiðir til þess að sorp-hirðu og sorpeyðingargjöld munu því miður hækka vegna þessa. Í vikunni var starfsemi Sorpu kynnt fyrir verktökum og sveitarstjórnarmönnum á Suðurlandi.

Hvítárbrú

Miklar vonir og eftirvænting er bundinn hinni nýju brú sem verið er að byggja yfir Hvíta við Bræðratungu. Bygging brúarinnar miðar mjög vel áfram og mikil steypuvinna fór fram fyrir stuttu. Í gamla daga var sagt að mikill eldmóður hefði brotist fram hjá karlmönnum við tvær sérstakar athafnir. Önnur var steypuvinna og hin var sauðfjármölun. Engum sögum fer af því hvort slíkur eldmóður rann á brúarsmiðina í steypuvinnunni á dögum. Víst er að gamlir brúarsmiðir eru sitt hvorum megin árinna þar má t.d. nefna ritstjóra Pésans, Steinþór frá Auðsholti og bræðurna frá Neðra-Dal þá Þráinn og Einar Jónssyni og Jens rafvirkja og hreppsnefndarmann í Bláskógarbyggð en þeir voru allir í brúarvinnuflokki Huga Jóhannessonar í gamla daga.

Heimasíðan fludir.is

Að undanfögnu höfum við verið að reyna að efla og bæta heimasíðuna okkar fludir.is eða hrunamannahreppur.is. Ótrúlega margir heimsækja síðuna okkar daglega. Það eru vinsamleg tilmæli til íbúa í Hrunamannahreppi að senda okkur efni og tilkynningar á heimasíðuna um fundi, uppákomur, myndir o.fl. sem tengist félagslífi og starfi í hreppnum. Við minnum einnig á ágætar heimasíður Flúðaskóla, leikskólans Undralands og Zero félagsmiðstöðvar.

Garðyrkjubændur mótmæla

Garðyrkjubændur héðan úr sveit og annarsstaðar brugðu undir sig betri fætinum í síðustu viku til þess að mótmæla stórhækkun dreifingar- og raforkukostnaðar. Eins og vitað er eru garðyrkjubændur stórnotendur af raforku. Ásjóna bændanna okkar var mildilegri en félaga þeirra sem eru í Evrópu þegar Evrópubændurnir mótmæla. Þannig mátti sjá núverandi landbúnaðarráðherra taka við forlata blómvendi sem greinilega var m.a. ættaður frá Emil Gunnlaugs-syni og Landi og sonum en oft gleymist þegar talað er um garðyrkjubændur að blómabændur eru í þeirra hópi. Í fallegu ljóði stendur: „Það er munur á athöfn og orðum“. Nú bíðum við spennit eftir athöfnum stjórnvalda.

Jólin nálgast

Nú þegar blessuð jólin nálgast færirst eftirvænting yfir blessuð börnin og full-orðnir hugsa til jólagjafa og annars þess sem tilheyrir jólum og jólaundirbúningi. Vert er að benda á þá fjölmörgu sem fást við listsköpun í hreppnum, þar kennir margra grasa og ýmislegt má finna sem upplagt er í gjafir. Hin árlega aðventusamkoma verður fyrsta sunnudag í aðventu þann 29. nóvember n.k. í Félagsheimili Hrunamanna og hefst hún kl. 14.00. Þessi tímasetning er valin til þess að blessuð börnin geti verið virkir þátttakendur í samkomunni.

Sigurður Sigmundsson heiðraður.

Á árshátíð hestamanna um helgina var Sigurður Sigmundsson ljósmyndari og fréttaritari heiðraður fyrir fallegar hestamyndir, sem hann hefur tekið í gegnum árin. Haraldur Þórarinnsson í Laugardælum formaður LH afhenti Sigurði viðurkenninguna, en um eitt þúsund manns sótti árshátíðina.

Íbúðarhús til leigu

Smíðjustígur 3 er til leigu frá 1. des næst komandi.

Upplýsingar í síma: 891 7758

FOLALDASÝNING

Hrossaræktarfélags Hrunamanna 2009

Folaldasýning verður í reiðhöllinni á Flúðum
Laugardaginn 21.nóv og hefst kl : **20:00.**

Inngangseyrir er 500.kr (Frítt fyrir 16.ára og yngri)

Skráningargjald pr. folald er 1.500.kr

Kynjaskiptir flokkar, 1.folald í hvorn flokk frá hverjum ræktanda.

Síðasti skráningardagur er

miðvikudagurinn 18.nóv.

Fram þarf að koma : Nafn- Litur-
Fæðingarstaður- Móðir- Faðir- Rækt-
andi og eigandi.

Dómari verður *Gunnar Arnarsson*
Auðsholtshjáleigu.

Einar Logi

s: 899- 5639 / 486-6539

ainarlog@simnet.is

Berglind s: 848-5811 / 588-1123

efralangholt@simnet.is

Maggi s: 690-5969 / 486-6415

haukholt@haukholt.is

Ræktunarkveðja frá stjórn HRFH



Athyglisverðar niðurstöður fisktalninga í Litlu-Laxá sumarið 2009

Sumarið 2009 var starfræktur fiskteljari í Litlu-Laxá og var honum komið fyrir í fyrirstöðu við Berghyl. Teljarinn er í eigu Stangveiðifélags Reykjavíkur sem er leigutaki árinna en Veiðimálastofnun hefur séð um rekstur hans í samvinnu við Litlu-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga. Árin 2007 og 2008 var laxateljariinn í fyrirstöðu í Litlu-Laxá nærri tóftinni af gamla klakhúsinu í Gröf. Í sumar var hann fluttur upp að Berhyl þar sem erfðlega gekk að starfrækja teljarann við Gröf auk þess sem ekki þótti vænlegt að hafa hann þar áfram eftir að tjald- og hjólhýsastæði voru flutt í grenndina.

Teljarinn er framleiddur af fyrirtækinu Vaka og er íslensk þróun. Teljarinn tekur einskonar skuggamyndir af þeim fiskum sem synda gegnum ramma sem komið er fyrir niður í árvatninu. Upplýsingum er safnað í safnstöð sem hægt er að hafa tölvusamskipti við gegnum GSM síma í teljaranum.

Teljarinn var settur niður 30. júní og tekinn upp 19. október. Reksturinn teljarans gekk að óskum og verður að telja að aðstaðan við Berghyl sé ákjósanleg þótt eitthvað af fiski sé alinn upp og hrygni neðan teljara og tapist þar með úr mati á heildarfjölda fiska sem í ána ganga. Alls gengu 156 laxar upp (nettó) fyrir teljara og 50 silungar. Flestir þeirra voru að ganga seinni hluta sumars en Litlu-Laxá var mjög vatnslítill eins og aðrar ár á suðurlandi sumarið 2009. Vitað var að Litlu-Laxá hefur ákjósanleg skilyrði fyrir uppeldi laxa og göngusilungs þótt ekki hafi legið fyrir nákvæmar tölur þar að lútandi. Stafar það m.a. af því að um árabíl greiddi Veiðifélag Árnesinga veiðiréttarhöfum við Litlu-Laxá fyrir friðun árinna sem uppeldisstöð fyrir vatnasvæðið. Engin skráð veiðireynsla var því til fyrir ána en víðast hvar þar sem veiði er stunduð liggur slíkt mat fyrir óbeint í formi veiðitalna sem skráð er af veiðimönnum í veiðibækur. Það var því veiðiréttarhöfum mikill akkur að fá talningar á fiskgengd í ána til að vita um stofnstærð og hugsanlegt veiðiþol viðkomandi stofna. Hafa þarf í huga að hluti þeirra göngufiska sem í ána gengur er inni í veiði, bæði netaveiði og stangveiði neðar á vatnakerfinu og því einungis hluti fiska sem upprunnir eru í Litlu-Laxá sem nær að ganga þangað aftur. Veiðimenn á vegum Stangveiðifélags Reykjavíkur munu eitthvað hafa reynt fyrir sér með veiði í Litlu-Laxá síðustu tvö sumur.

Sá fjöldi fiska sem í Litlu-Laxá gengur sýnir að hún er í hópi alvöru veiðiáa og líklegt að þar megi stunda veiðinýtingu til tekna fyrir veiðiréttarhafa. Veiði skilar veiðiréttarhöfum víða umtalsverðum arði og talsverð þjónusta er við veiðimenn. Gæta verður þess að veiðinýtingin sé sjálfbær og að ekki sé gengið á veiðistofninn með veiðum umfram veiðiþol hans. Jafnframt verður að huga að því að umgengni um ána verði bætt en starfsemi eins og t.d. malartaka fer ekki vel með lífríki og seiðabúskap í ám. Gæta verður að vatnsgæðum og hvers konar frárennsli er veitt á vatnakerfið. Á árum áður var eitthvað um ólöglega haustveiði í ánni og geta sögusagnir um slíkt verið lífseigar og torvelað áform um nýtingu.

Vert er að hafa í huga lífsferil laxins. Laxinn gengur í árnar yfir sumarið. Fyrstu laxar fara að ganga í árnar í júní og koma stórlaxar þ.e. laxar sem dvalið hafa 2 ár í sjó (hrygnur stærri en 3,5 og hængar stærri en 4 kg) fyrst, en smálax, lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó fer að ganga síðast í júní. Á haustin hrygna laxarnir frá miðjum október og fram í nóvember. Hrognin eru grafin í árbotninn yfir veturinn en klekjast á vorin og koma upp úr mölinni í júní en það fer eftir hitastigi. Það tekur seiðin 2-4 ár að ná sjögöngustærð sem er um 10-15 cm en þá ganga þau til sjávar


Það tekur seiðin 2-4 ár að ná sjógöngustærð sem er um 10-15 cm en þá ganga þau til sjávar. Í Litlu-Laxá, sem er tiltölulega hlý og frjósöm, ganga seiðin líklega flest 2ja ára til sjávar á síðustu árum. Það eru því ávalt nokkrir árgangar seiða að alast upp í ánni. Talið er að laxarnir alist upp í sjó suðvestur af Íslandi og hundraðfaldar laxinn þyngd sína á einu ári í sjó.

Vonast er til að laxateljarinn verði áfram starfræktur við Berghyl og verður forvitnilegt að fylgjast með fiskgengd í Litlu-Laxá í framtíðinni og jafnframt að sjá hvernig til tekst með nýtingu árinna og hvort hún verði aðdráttarafl fyrir veiðimenn og skili veiðiréttarhöfum arði af veiðinni. Af þeim forsendum sem fyrir liggja ætti slíkt að geta orðið.



Laxateljari í Litlu Laxá við Berghyl
Súluarit yfir laxgengd í Litlu-Laxá sumarið 2009 talið með sjálfvirkum laxateljara við Berghyl. Greint er milli lax og silungs.

Fiskgengd upp teljara í Litlu-Laxá



Rafgirðingarefni

Höfum tekið að okkur einkaumboð á Íslandi fyrir
Rutland rafgirðingarefni sem er þrautreynt hér á landi

Kynningarafsláttur

Rutland™
— Electric Fencing —



480 5600
landstolpi.is

LANDSTÓLPI 

Nánar um námskeið í nóvember á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps.
Allir velkomnir.

Konfektgerð

Halldór Kr. Sigurðsson konfektgerðarmeistari verður með námskeið í konfektgerð mánudaginn 30. nóvember kl. 19.30 í Félagsheimili Hrunamanna. **Námskeiðið er öllum opið.** Verð kr. 3500.-

Panta þarf á námskeiðið í síðasta lagi **föstudaginn 20. nóvember**, hjá Kristínu Garðarsdóttur s: 564-2209, gsm: 892-7030 eða í netfanginu kristgar@simnet.is.

Endurnýting á leðri – töskur, buddur og fleira.

Kolbrún Sveinsdóttir frá Hrafnkelsstöðum verður með námskeið í leðursaumi föstudaginn 27. nóvember kl. 17.00 og laugardaginn 28. nóvember kl. 13.00. Þátttakendur þurfa að koma með saumavélar og leður, annaðhvort nýtt eða gamalt. Nú er lag að nýta gömlu leðurbuxurnar, jakkann eða úr sér gengnu leðurtöskuna. Kolbrún útvegar roð, tvinna, nálar, lím og ýmsa fylgihluti sem hún selur á kostnaðarverði. Einnig geta þátttakendur haft fylgihluti með sér að heiman. Verð á námskeið kr. 5000.-.

Panta þarf á námskeiðið í síðasta lagi **föstudaginn 20. nóvember**, hjá Kristínu Garðarsdóttur s: 564-2209, gsm: 892-7030 eða í netfanginu kristgar@simnet.is

Öllum er velkomnið að taka þátt í þessum námskeiðum, konum sem körlum.

Námskeiðin eru niðurgreidd fyrir félagskonur í Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Námskeiðanefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Til kynningar vegna kaupa á hjartastuðtæki í samvinnu við Björgunarfélagið Eyvind.

Eins og fram kemur annarsstaðar í Þésa, hyggst Kvenfélagið styrkja Björgunarfélagið Eyvind til kaupa á hjartastuðtæki. Um er að ræða tæki sem verður staðsett í bíl félagsins. Slíkt tæki hefur margoft sannað notagildi sitt en það er víða í notkun á landinu, bæði í sjúkrahúsum og á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Björgunarfélagið telur afar brýnt að svona tæki sé hér til staðar því hér er fjölmennt samfélag sem margfaldast um helgar og á sumrin. Þeir hafa einnig verið í samvinnu við björgunarsveitir í næstu sveitum og aðstoðað þær er þess þarf. Næsta sjúkrahús og sjúkrahúlar eru á Selfossi en það getur skipt sköpum að koma fljótt á vettvang þegar um hjartastopp eða hjartatruflanir er að ræða og því mjög mikilvægt að stutt sé í slíkan búnað.

Kaupin eru gerð í fullri samvinnu við sjúkraflutningamenn á Suðurlandi. Það er okkur kvenfélagskonum heiður að geta stutt við Björgunarfélagið Eyvind en þeirra óeigingjörnu störf eru mjög mikilvæg í samfélaginu.

Allur ágóði af veitingasölu á aðventuhátíðinni 29. nóvember næstkomandi mun renna til kaupa á þessu tæki. Við vonumst til að sem flestir komi og fái sér vöflur og styrki um leið gott málefni.

Kveðja frá stjórn Kvenfélagsins.

Frá unglिंगadeildinni Skúla

Unglingadeildin Skúli vill þakka öllum þeim sem keyptu neyðarkalla af okkur og styrktu um leið starf deildarinnar.

Mikið hefur verið að gera hjá deildinni á liðnu ári og ber hæst ferð okkar á landsmót unglिंगadeilda slysavarnafélagsins Landsbjargar í Hnífsdal.

Og kemur hér smá ferðasaga úr þeirri ferð.

Lagt var af stað um hádegi miðvikudaginn 15. Júlí. Við byrjuðum á að fara og sækja krakka úr unglिंगadeildinni Greip, í Reykholt en svo var lagt af stað í langferð á Vestfirði. Að sjálfsögðu var stoppað nokkru sinnum á leiðinni, matar og pissustopp en að lokum komumst við í Hnífsdal um kl 22:00 um kvöldið og voru allir fegnir að losna úr rútunni. Hóparnir skelltu sér í að tjalda og koma sér fyrir og kíkja á mannskapinn á svæðinu en um 300 manns voru mættir á svæðið frá unglिंगadeildum af öllu landinu.

Fimmtudagurinn byrjaði með þingi en þar koma allir saman og ræða málefni unglinga innan Landsbjargar, hvað verið er að gera, hvað mætti betur fara o.fl. Þar er öllum skipt uppí hópa sem voru blandaðir af unglिंगum úr öllum deildum. Þessir hópar haldast svo út landsmótið. Hver hópur fann sér nafn, söng og göngulag. Mikið er lagt uppúr hópefli og eru krakkarnir fljótir að verða félagar. Eftir hádegi á fimmtudeginum byrjaði svo verkefnavinnan og var hún allan föstudaginn líka. Þau verkefni sem verið var að vinna við voru: *Bátar*:-farið var í siglingu á björgunarbátunum og æft að fara milli báta á ferð. *Sig og hnútar*: sig var æft niður af lýsistanki og fyrir neðan var verið að æfa hnúta.

Leitartækni: Kennd grunnatriði í að leita.

Snjóflóðaleitartækni: Kennd grunnatriði í að leita að fólki með snjóflóðayla.

Rötun: Gengið eftir vísbendingum milli punkta með áttarvita.

Sund: farið í sund, hreinsað af sér skítinn og slappað af.

Rústabjörgun: Bjargað sjúklingum úr rústum.

Börusig: sigið með sjúkling í börum niður af þaki.

Skyndihjálp: hlúð af sjúklingum í mis erfiðum aðstæðum.

Á laugardeginum er svo komið að björgunarleikunum en þar er keppt til sigurs. Þar eru ýmis verkefni sem keppt er í. Tími, frammistaða og liðsheild eru metin Þær keppnisgreinar sem eru, eru margvíslegar eins og kassaklifur, leit að á-kveðnum hlutum í svarta myrkri, fara í gegnum rústir með vatn í dalli og reyna að vera sem fljótastur og tapa sem minnstu af vatni. Gera þrífót og hífa stóran stein upp. Dekkjavelta-velta stóru traktorsdekki eins oft og hægt er á tíma. Ítroðsla í björgunarbát- troða eins mörgum og hægt er á sem skemmstum tíma inni björgunarbát. Aparóla- koma eins mörgum og hægt er á sem skemmstum tíma yfir læk í aparólu.

Eftir leikana fórum við svo í sund á Suðureyri, svo um kvöldið var grillað, farið í reiptogskeppni, verðlaunaafhendingu og kvöldið endaði svo á brennu og tónleikum.

Á landsmóttinu var einnig keppt í umsjónamannaleikum en þá er einn umsjónamaður sem keppir í hinum ýmsu verkefnum s.s frostspinna og kavíarsáti, ofl. Við lögðum svo snemma á sunnudeginum af stað heim og er óhætt að segja að flestir hafi sofið langleiðin heim. Við fengum frábært veður alla dagana en eftir hitasumar hér um slóðir fengum við hálfgera kuldaskjök að koma vestur og margir komu heim fullir af kvefi.

Svona ferð er heilmikið fyrirtæki og kostar sitt, en þegar við eigum góða að gengur allt vel og viljum við sérstaklega þakka Kiwanisklúbbnum Gullfossi kærlega fyrir þeirra styrk til deildarinnar en án þeirra hefði þetta verið töluvert erfiðara.

Hægt er að fylgjast betur með starfi deildarinnar á síðunni

<http://ud-skuli.blogcentral.is/>

Með kærri þökk fyrir okkur
Umsjónamenn unglingadeildarinnar Skúla

Þakkarbréf frá Björgunarfélaginu Eyvindi

Nú í október barst félaginu stórkostleg gjöf, digital blóðþrýstingsmælir. Það voru Hanna Lára Bjarnadóttir og Loftur Þorsteinsson sem færðu félaginu þessa gjöf.

Það er ómetanlegt fyrir Eyvind að fá gjöf eins og þessa til að auka við fyrstu-hjálparbúnaðinn. Félagsmenn hafa verið duglegir að afla sér þekkingar á sviði fyrstuhjálpar og stefna þeir svo í framhaldsnám á því sviði. Nauðsynlegt er að koma upp góðum hóp af fyrstuhjálparfólki með góða þekkingu og góðan búnað, hér .

Viljum við þakka Hönnu og Lofti kærlega fyrir frábæra gjöf.

Björgunarfélagið Eyvindur.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

Sundlaugin á Flúðum.

Vetraropnun .

Mánudaga til fimmtudaga:	16:00-20:00
Föstudaga	LOKAÐ
Laugardaga og sunnudaga:	13:00-17:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.
Eva Marín Hlynisdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.
silja1@simnet.is / 892
16 6728



Hár-Hrun
Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjösssi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Jólatónleikar Uppsveitasystura, undir stjórn Magneu Gunnarsdóttur, undirleikari Gróa Hreinsdóttir, verða föstudagskvöldið 27. nóvember í Brautarholti.

Jólaandinn mun svífa yfir sveitirnar með söng, tónlist, uppboði, kaffi og kræsingum.

Skemmtunin hefst kl. 20.30 og aðgangseyrir er 1500 kr. (enginn posi) frítt fyrir grunnskólabörn.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Uppsveitasystur

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLOTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðins-
götu 1-3 sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



Er að leita mér að vinnu, upp. 50% í nokkra mánuði.

Endilega látið mig vita ef eitthvað er að hafa:-)

Vigdis s: 861 6652

Þýskunámskeið fyrir alla sem hafa áhuga!

Opið öllum og að kostnaðarlausu. Verður líklegast haldið einu sinni í viku í Þjórsárskóla í vetur.

Fyrir byrjendur og lengra komna. Skemmtilegt efni og pottþétt engin heima-verkefni! :-). Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Meike í Glóru-hlíð. mmelkorka@hotmail.com eða 663 8011

HREPPAMAÐURINN
Hreppamaður heitir blað
Hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupið það
Konur menn og bræður

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti fást í Þverspyrnu, 500 kr ritið, öll á 5000 kr.

Guðrún sími: 486 6735

Allur ágóði rennur til hjálparstarfs kirkjunnar. Tilvalið til jólagjafa

Tamning – Þjálfun – Sala

Tökum hesta í tamningu og þjálfun í vetur. Einnig tökum við hesta í umboðssölu. Vantar hesta á skrá, góð sala (sjá www.hestasala.is).

Allir hestar í þjálfun/tamningu hafa sína eigin dagbók sem eigandi getur fylgst með á heimasíðu okkar www.audsholt2.is.

Uppl. Í síma 898-1099(Grímur) og á www.audsholt2.is

Á skrifstofu Hrunamannahrepps eru enn til fáein eintök af “Hrunamenn I og II”. Bækurnar kosta 8500 kr.

Tilvalið í jólapakkann:-)

Starfsfólk hreppsskrifstofu

Viðburðir og annað á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Okkur þykir rétt að minna á dagskrá okkar og viðburði sem framundan eru.

Aðventuhátíð

Sunnudaginn 29. nóvember verður sameiginleg aðventuhátíð Kvenfélagsins og Hrunaprestakalls. Að lokinni hugvekju og annarri dagskrá verður Kvenfélagið með kökubasar, sölu á heitu súkkulaði og vöfflum, jólakortum SSK og uppskriftabókinni víðfrægu, Hrunaréttum. Allur ágóði af vöfflusölunni rennur til kaupa á hjartastuðtæki sem Björgunarfélagið Eyvindur hyggst kaupa með hjálþ okkar kvenfélagskvenna. Sjá nánar annarsstaðar.

Freyjusjóður - umsóknir

Auglýst er eftir umsóknum í **Freyjusjóð** frá 15. nóvember til **15. desember**. Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is. Jafnframt hægt að leita upplýsinga hjá formanni félagsins á netfanginu anna@fludaskoli.is.

Jólafundur

Jólafundurinn verður haldinn sunnudaginn 13. desember kl. 20.00. Ýmislegt sér til gamans gert í anda jólanna. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Barnaskemmtun

Barnaskemmtunin verður haldin sunnudaginn 27. desember (3. í jólum) kl. 13.30. Nánar auglýst síðar.

Þorablót 2010

Þorablót Kvenfélagsins verður 30. janúar 2010. Takið daginn frá!

Námskeið

Konfektgerð – sjá auglýst nánar á öðrum stað í Pésa

Endurnýting á leðri – töskur, buddur og fleira – sjá auglýst nánar á öðrum stað í Pésa.

Með von um að sem flestir taki þátt í þessum viðburðum.
Kvenfélag Hrunamannahrepps.

Hrunaréttir – fleiri uppskriftir.

Okkur vantar uppskriftir að smákökum og jólabrauði hvers konar. Ætlum að útbúa viðbót í möppuna góðu. Ný útgáfa verður fáanleg á aðventuhátíðinni og á jólafundinum og jafnframt verður hægt að kaupa viðbótina sér. Endilega sendið okkur góðar uppskriftir sem hafa slegið í gegn hjá fjölskyldumeðlimum. Biðjum ykkur um að hafa nöfn á uppskriftunum og einnig taka fram hverjir senda uppskriftina.

Vinsamlegast sendið okkur á netfangið: mariamagg@simnet.is . Jafnframt hægt að koma uppskriftunum skriflega til okkar.

Með kveðju,
Anna, Arnfríður og María.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú eru jólabækurnar farnar að berast í bókasafnið. Eins og undanfarin ár eru nýjustu bækurnar á skammtímaláni, það er á 14 daga láni. Ekki verður hægt að panta bækur sem merktar eru skammtímaláni. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar eru því fljótir að skila þeim. Því er um að gera að kíkja við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum. Lánstími eldri bóka og tímarita er 4 vikur.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is




Undanfarið hefur verið einmuna veðurblíða, og til marks um það er hér mynd frá 5. nóvember þar sem Guðjón og Helga á Melum og þeirra fólk skera kínakál. Það er ekki oft, sem hægt er að skera fyrsta flokks kínakál í nóvember.

Fimmtudaginn 5. nóvember sl.opnuðu þau Ása María Ásgeirsdóttir og Einar Þorsteinsson nýjan Pizzastað að Eyravegi 5 á Selfossi. Staðurinn heitir PizzaIslandia og býður uppá pizzur og hamburgara í rúmgóðum veitingasal, sem rúmar 45 manns í sæti, en einnig er boðið uppá heimsendingu.

Síðar í nóvember stækkar staðurinn til muna en þá verður innri salurinn tekinn í notkun.

Síminn hjá PizzaIslandia er 4866600





Nokkrar myndir frá vinnu við steypu fyrri hluta brúargólfs nýju Hvítárbrúarinnar. Vaskur hópur manna(þar á meðal nokkrir Hrúna-menn)sá um að allt gekk eins og áætlað hafði verið og tók steypu-vinnan rétt rúman sólarhring

Ljósni:

Matthías B. Guðmundsson

Hér eru þeir frændur, Skúli Gunnlaugsson fyrrverandi nemandi Flúðaskóla og Gabríel Logi Magnússon núverandi nemandi, við sögulegt skólaborð, sem var hluti af afmælisýningu Flúðaskóla 29. okt sl.

Ljós: Guðný Arngrímsdóttir

